**Sþ. 1062. Skýrsla [519. mál]**

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1987.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

I. INNHEIMTA TEKNA

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1987 sem hér segir:

| | | Samkvæmt vegáætlun m.kr. | | Rauntekjur pr. 31.12.87 m.kr. | Mismunur m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1.1.1. Bensíngjald: | | 1 450,0 | | 1 603,2 | 153,2 |
| 1.1.2. Þungaskattur: | | 700,0 | | 705,4 | 5.4 |
| Km-gjald | 540,0 | | 540,3 | | |
| Árgjald | 160,0 | | 165,1 | | |
| 1.1.4. Gúmmígjald | | 0 | | 0,5 | 0,5 |
| Samt. 1—4. | | 2 150,0 | | 2 309,1 | 159,1 |
| 1.2. Annað framlag ríkissjóðs | | 0 | | 0 | 0 |
| Samt. 1—3. | | 2 150,0 | | 2 309,1 | 159,1 |

Greiðslur til Vegagerðarinnar voru miðaðar við fjárhæðir skv. áætlun um markaðar tekjur en Vegagerðin fékk síðan 1,2 m.kr. aukafjárveitingu á árinu vegna breytinga á kjarasamningum.

Í fylgiskjali 1.—1. er sýnd gjaldskrá markaðra stofna Vegagerðarinnar 1. mars 1988.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

**1.1.0. Bifreiðainnflutningur.**

Á árinu 1987 voru fluttar inn 23 459 bifreiðar og er það 7 833 bifreiðum fleira en árið áður og mesti innflutningur sem orðið hefur á einu ári til þessa.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 22 575. Innflutningur vörubifreiða var alls 443, þar af 136 með yfir 6 tonna burðarþoli. Sendibifreiðar voru 372 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 69.

Tölfræðilegar upplýsingar um bifreiðaeign landsmanna 1986 og 1987 eru af frekar skornum skammti. Hagstofa Íslands hætti útgáfu hinnar árlegu Bifreiðaskýrslu frá og með 1. janúar 1986 og Bifreiðaeftirlit ríkisins sem í framtíðinni ætlar að sinna þessu hlutverki mun væntanlega gefa út skýrslu fyrir 1987. Óvíst er hvort nokkuð verði unnið úr tölum fyrir 1986.

Eftirfarandi tafla sýnir þó þróunina á skráðri bifreiðaeign landsmanna 1985 — 1987:

| | Bifreiða-eign 31.12.85 | Nettó aukning 1986 % | Bifreiða-eign 31.12.86 | Nettó aukning 1987 % | Bifreiða-eign 31.12.87 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fólksbifreiðar | 104.376 | 9,17 | 113.947 | 6,80 | 121.694 |
| Vöru-/sendibifreiðar | 12.741 | 3,59 | 13.199 | −10,25 | 11.846 |
| Alls | 117.117 | 8,56 | 127.146 | 5.03 | 133.540 |

Þrátt fyrir gífurlegan innflutning bifreiða 1987 (um 19% af bifreiðaeign 1.1.87) er heildarstækkun flotans aðeins um 5%. Ein aðalástæðan fyrir því mun vera sú mikla aukning afskráninga sem fylgdi í kjölfar álagningar hins nýja bifreiðaskatts.

### 1.1.1. Bensíngjald.

Bensínsala á tekjuárinu 1987 varð 155,7 m.ltr, en það er 13,8% aukning frá árinu áður. Bensínverð (93 okt.) hækkaði á árinu 1987 úr 25,00 kr. í 33,70 kr./ltr. Bensíngjald sem rennur í vegasjóð var 10,49 kr./ltr frá 1. jan. 1987 en hækkaði 1. nóvember í 12,60 kr./ltr.

| Ár | Bensínsala m.ltr. | Meðaleyðsla ltr.pr. bifr. | Verð á ltr. 31.12. 98 okt | Verð á ltr. 31.12. 93 okt | Skattar alls kr./ltr. | Bensíngjald kr./ltr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1971 | 77,5 | 1 756 | | 0,16 | 0,108 | 0,079 |
| 1972 | 84,9 | 1 745 | | 0,16 | 0,108 | 0,079 |
| 1973 | 95,1 | 1 757 | | 0,26 | 0,161 | 0,099 |
| 1974 | 104,4 | 1 736 | | 0,49 | 0,307 | 0,160 |
| 1975 | 103,6 | 1 623 | | 0,60 | 0,350 | 0,160 |
| 1976 | 104,5 | 1 616 | | 0,80 | 0,449 | 0,186 |
| 1977 | 114,4 | 1 685 | | 0,93 | 0,533 | 0,233 |
| 1978 | 121,5 | 1 662 | | 1,81 | 1,055 | 0,484 |
| 1979 | 119,3 | 1 512 | | 3,70 | 1,994 | 0,709 |
| 1980 | 118,8 | 1 412 | | 5,95 | 3,275 | 1,237 |
| 1981 | 121,1 | 1 359 | | 8,45 | 4,640 | 1,700 |
| 1982 | 126,9 | 1 353 | | 13,80 | 7,800 | 3,060 |
| 1983 | 124,0 | 1 281 | | 22,30 | 12,870 | 5,080 |
| 1984 | 126,0 | 1 267 | | 25,80 | 14,500 | 5,720 |
| 1985 | 129,6 | 1 275 | | 35,00 | 21,290 | 9,540 |
| 1986 | 136,8 | 1 250 | 27,50 | 25,00 | 16,890 | 9,540 |
| 1987 | 155,7 | 1 324* | 35,40 | 33,70 | 22,570 | 12,600 |

* Samanburður á meðaleyðslu bensínbifreiðar milli áranna 1986 og 1987 er ekki raunhæfur. Við álagningu hins nýja bifreiðaskatts 1987 átti sér stað mikil hreinsun í bifreiðaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins og ætti því talan fyrir meðaleyðslu 1987 að vera mun réttari en fyrri tölur.

### 1.1.2. Þungaskattur.

Heildartekjur af þungaskatti voru 705,4 m.kr., sem skiptust þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 540,3 m.kr. og af árgjaldi 165,1 m.kr. Mælagjald er nú innheimt af dísilbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tonn og meir. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu samkvæmt km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur dísilbíla er nú innheimtur af um 13 100 bifreiðum. Áætlað er að um 10 000 greiði eftir mæli, en um 3 100 fast árgjald.

### 1.1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi urðu 0,5 m.kr. Gúmmígjald var fellt niður á árinu.

## 1.3. ANNAÐ FRAMLAG RÍKISSJÓÐS

Annað framlag ríkissjóðs var ekkert í vegáætlun.

## II. SKIPTING ÚTGJALDA

Samkvæmt fjárlögum var heildarfjármagn til vegamála árið 1987 samtals 2.150.000 þús. kr.

Að tilhlutan fjármálaráðuneytisins var launaliðurinn hækkaður um 5,65% vegna hækkunar launa 1. október s.l. umfram svonefnt rauða strik. Nam þessi aukafjárveiting 1.242 þús. kr.

Til vegamála runnu því alls 2.151.242 þús. kr. á árinu.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig ofangreint fé skiptist milli einstakra liða í vegáætlun.

II. SKIPTING ÚTGJALDA Upphæðir í þús. kr.

| | Vegáætlun 1987 |
|---|---|
| **2.1. Stjórn og undirbúningur** | **136 242** |
| 1. Skrifstofukostnaður | 70 500 |
| 2. Tæknilegur undirbúningur | 48 342 |
| 3. Umferðatalning og vegaeftirlit | 12 100 |
| 4. Eftirlaunagreiðslur | 5 300 |
| **2.2. Viðhald þjóðvega** | **875 000** |
| 1. Sumarviðhald | |
| 1. Viðhald malarvega | 198 000 |
| 2. Viðhald vega með bundnu slitlagi | 151 000 |
| 3. Viðhald brúa | 31 000 |
| 4. Viðhald varnargarða | 4 000 |
| 5. Heflun vega | 112 000 |
| 6. Rykbinding | 41 000 |
| 7. Vinnsla efnis | 105 000 |
| 8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð | 23 000 |
| 9. Vegmerkingar | 6 000 |
| 2. Vetrarviðhald | 204 000 |
| **2.3. Til nýrra þjóðvega** | **847 000** |
| 1. Stofnbrautir | |
| 1. Almenn verkefni | 251 000 |
| 2. Bundin slitlög | 174 000 |
| 3. Sérstök verkefni | 193 000 |
| 4. Ó — vegir | 38 000 |
| 5. Reykjavíkursvæðið | 20 000 |
| 2. Þjóðbrautir | 133 000 |
| 3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum | 24 000 |
| 4. Girðingar og uppgræðsla | 14 000 |
| **2.4. Til brúagerða** | **66 000** |
| 1. Brýr 10 m og lengri | 56 000 |
| 2. Smábrýr | 10 000 |
| **2.5. Til fjallvega o.fl.** | **18 000** |
| 1. Aðalfjallvegir | 5 000 |
| 2. Aðrir fjallvegir | 8 000 |
| 3. Þjóðgarðavegir o.fl. | 4 000 |
| 5. Reiðvegir | 1 000 |

Upphæðir í þús. kr.

| | Vegáætlun 1987 |
|---|---|
| **2.6. Til sýsluvega** | **75 000** |
| **2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum** | **124 000** |
| **2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa** | **0** |
| **2.9. Til tilrauna** | **10 000** |
| Samtals | 2 151 242 |

## 2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN

Við afgreiðslu vegáætlunar var miðað við að verðhækkun milli 1986 og 1987 yrði 18%. Meðaltalsvísitala vegagerðar fyrir 1986 var 1770 stig en fyrir 1987 var hún komin upp í 2223 stig þannig að hækkun milli ára var í raun 25,6%.

Vegna hagstæðs tíðarfars var ekki um halla að ræða á vetrarþjónustu eins og oft hefur verið áður, en á móti kom að sumarviðhaldið varð heldur meira en gert hafði verið ráð fyrir. Halli varð á stjórn og undirbúningi vegna launahækkana umfram forsendur. Þessi halli verður greiddur af fjárveitingu ársins 1988.

## 2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

### 2.1.0. Starfsmannahald.

Um s.l. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins 358 í 352 stöðugildum en voru 371 í 365 stöðugildum um áramótin 1986—1987. Af þessum 358 eru 148 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 144 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru 156.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1987 var 409 en var 440 árið 1986. Heildarvinnuframlag á árinu 1986 reiknað í dagvinnustundum nam 580 mannárum og hafði lækkað úr 630 frá árinu 1986. Launagreiðslur voru 462 milljónir kr. á árinu 1987 og launatengd gjöld um 43 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s.l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

**Fastir starfsmenn 31. desember 1987.**

| | Reykja-vík | Suður-land | Reykja-nes | Vestur-land | Vest-firðir | Norðurl. vestra | Norðurl. eystra | Austur-land | Samtals des. 1987 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skrifstofa, yfirstjórn ............ | 24 | 2 | 1 | 3 | 2 | 2 | 3 | 3 | 38 |
| Tæknilegur undirbúningur ....... | 33 | 5 | 4 | 6 | 5 | 5 | 7 | 5 | 71 |
| Vegaeftirlit .................... | 5 | | | | | | | | 5 |
| Starfsm. áhaldah.skv. lfl. BSRB .. | 13 | 1 | | | | | 1 | 1 | 18 |
| Iðnlærðir verkstjórar ........... | 7 | 1 | | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 22 |
| Verkstjórar ................... | 2 | 7 | 5 | 9 | 6 | 8 | 11 | 10 | 58 |
| Iðnaðarmenn .................. | 16 | 2 | | 6 | 2 | 3 | 4 | 4 | 30 |
| Vélamenn ..................... | 4 | 6 | 6 | 14 | 13 | 6 | 14 | 10 | 79 |
| Verkamenn ................... | 9 | 6 | 3 | 4 | 2 | 3 | 6 | 4 | 38 |
| Ráðskonur, matreiðslumenn ..... | 4 | 1 | | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 12 |
| Fastir starfsmenn í desember 1987 | 117 | 31 | 19 | 44 | 32 | 30 | 45 | 40 | 358 |
| Fastir starfsmenn í desember 1986 | 123 | 32 | 18 | 46 | 32 | 29 | 48 | 43 | 371 |
| Fastir starfsmenn í desember 1985 | 124 | 33 | 17 | 48 | 32 | 32 | 55 | 44 | 385 |
| Fastir starfsmenn í desember 1984 | 136 | 36 | 19 | 54 | 35 | 36 | 59 | 48 | 423 |
| Fastir starfsmenn í desember 1983 | 146 | 37 | 21 | 59 | 39 | 37 | 65 | 51 | 455 |
| Fastir starfsmenn í desember 1982 | 150 | 42 | 21 | 61 | 38 | 35 | 68 | 46 | 461 |
| Fastir starfsmenn í desember 1981 | 155 | 38 | 22 | 60 | 35 | 35 | 66 | 48 | 459 |
| Fastir starfsmenn í desember 1980 | 151 | 36 | 28 | 57 | 32 | 36 | 61 | 49 | 450 |
| Fastir starfsmenn í desember 1979 | 161 | 37 | 27 | 56 | 32 | 28 | 59 | 51 | 451 |
| Fastir starfsmenn í desember 1978 | 177 | 32 | 27 | 54 | 29 | 26 | 61 | 46 | 452 |

### 2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Fjárveiting í vegáætlun var 64,5 m.kr.

Til þessa liðar telst kostnaður vegna yfirstjórnar Vegagerðarinnar í Reykjavík svo og bókhaldsskrifstofa í umdæmum, sem eru á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði. Þessar skrifstofur sjá um undirbúning og frágang skjala vegna bókhalds- og launavinnslu viðkomandi svæðis. Úrvinnsla gagna fer hins vegar fram í Reykjavík hjá SKÝRR, en umdæmi fá síðan sendar til baka bókhaldsútskriftir, sem varða viðkomandi svæði. Með þessu móti er reynt að færa bókhaldið sem næst þeim, sem verkin vinna og ábyrgð bera, þannig að kostir þess sem stjórntækis nýtist sem best.

### 2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 51,6 m.kr. og var henni varið til undirbúnings framkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Að nokkru var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

### 2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 13,4 m.kr.

A. Talning umferðar.

Umferðartalning fór fram eftir skipulagi sem byrjað var að vinna eftir 1985. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Vesturlandi og Vestfjörðum. Heildarumferð á

þjóðvegum jókst um tæp 20% frá árinu 1986. Þetta er meiri aukning umferðar á milli ára en áður hefur mælst.

Umferðaraukningin var nokkuð mismunandi eftir landshlutum, mest á Reykjanesi rúm 26%, en minnst á Austurlandi, um 12%.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjölum 2.1.3.1.— 4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

Haldið var áfram söfnun upplýsinga um umferðarhraða á þjóðvegum.

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1987.

Úrvinnsla á athugun þessari stendur yfir og verður gerð grein fyrir henni í sérstakri skýrslu.

Enn sem fyrr verða flest umferðarslys á Hafnarfjarðarvegi. Umferð hefur einnig aukist þannig að slysatíðni á veginum hefur minnkað nokkuð.

### 2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi verkstjóra og verkamanna, sem starfað höfðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, einnig til ekkna þessara aðila, urðu samtals 5,4 m.kr. Engir nýir aðilar öðluðust rétt til eftirlauna á árinu, en ein verkstjóraekkja lést. Alls nutu því 8 fyrrverandi verkstjórar, 20 ekkjur og 7 fyrrverandi verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 35 á móti 36 í árslok árið 1986.

## 2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

| | Fjárveiting m.kr. |
|---|---|
| Sumarviðhald | 671,0 |
| Vetrarviðhald | 204,0 |
| Samtals | 875,0 |


ÁRSUMFERÐ 1987
< 200 bílar á dag
200 500 ″
500 1000 ″
> 1000 ″

## 2.2.1. Sumarviðhald.

Sumarviðhaldi vega er skipt á eftirfarandi liði:

| Sumarviðhald | Fjárveiting m.kr. |
|---|---|
| 1. Viðhald malarvega | 198,0 |
| 2. Viðhald vega með bundnu slitlagi | 151,0 |
| 3. Viðhald brúa | 31,0 |
| 4. Viðhald varnargarða | 4,0 |
| 5. Heflun vega | 112,0 |
| 6. Rykbinding | 41,0 |
| 7. Vinnsla efnis | 105,0 |
| 8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð | 23,0 |
| 9. Vegmerkingar | 6,0 |
| Samtals | 671,0 |

Í meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður vega árin 1977—87 tilgreindur og jafnframt færður til verðlags 1987, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hverja 100 ekna km. Þær tölur eru einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.

| Ár | Viðhaldskostn. m.kr. | Vísitala viðhaldskostn. | Viðhaldsk. verðlags 1987 m.kr. | Lengd akfærra þjóðvega km | Viðhaldsk. pr.km verðl. 1987 þús.kr. | Bílafjöldi í ársbyrjun | Eknir km á öllum þjóðvegum m.km | Viðhaldsk. pr. 100 ekna km verðl. '87 kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1977 | 14,37 | 67,5 | 486 | 8336 | 58,3 | 73 410 | 449 | 108,2 |
| 1978 | 26,55 | 100,0 | 607 | 8409 | 72,2 | 78 481 | 450 | 134,9 |
| 1979 | 39,47 | 145,0 | 622 | 8406 | 74,0 | 84 141 | 449 | 138,5 |
| 1980 | 63,63 | 228,0 | 638 | 8409 | 75,9 | 90 015 | 472 | 135,2 |
| 1981 | 95,70 | 351,0 | 623 | 8411 | 74,1 | 95 606 | 485 | 128,5 |
| 1982 | 180,63 | 570,0 | 724 | 8306 | 87,2 | 100 936 | 500 | 144,8 |
| 1983 | 288,20 | 1064,0 | 619 | 8277 | 74,8 | 100 459 | 485 | 127,6 |
| 1984 | 399,90 | 1198,0 | 763 | 8268 | 92,3 | 108 254 | 524 | 145,6 |
| 1985 | 548,40 | 1595,0 | 786 | 8222 | 95,6 | 113 202 | 586 | 134,1 |
| 1986 | 597,90 | 1825,0 | 749 | 8231 | 91,0 | 117 117 | 606 | 123,6 |
| 1987 | 767,50 | 2285,0 | 768 | 8265 | 92,9 | 127 146 | 726 | 105,8 |

Sumarviðhald á hverja ekna 100 km




Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu nokkrar vorskemmdir á vegum víðsvegar um land.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.

# TAKMARKANIR ÖXULÞUNGA VEGNA AURBLEYTU Á HELSTU ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ 1987



Í meðfylgjandi töflu er sýndur km—fjöldi þjóðvega í hverjum umferðarflokki (júní—sept.).

Gerður er greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýnt hve eknir eru margir km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstrinum.

| | | Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1987 | | | | | | | | | | | | | Ársumferð | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Minni en 50 | 50-100 | 100-200 | 200-300 | 300-500 | 500-750 | 750-1000 | 1000-1500 | 1500-2000 | 2000-3000 | 3000-5000 | 5000-10000 | Yfir 10000 | | % Skipting | | |
| | Gerð slit- | Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki | | | | | | | | | | | | | Alls | Eknir | Í Kjörd. | Í Landi |
| Kjördæmi | lags | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | m.km. | % | % |
| Suðurland | Malar | 467 | 266 | 134 | 101 | 146 | 33 | 7 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 159 | 36,8 | 25,7 | 5,1 |
| | Bundið | 3 | 7 | 3 | 78 | 104 | 20 | 66 | 58 | 13 | 14 | 26 | 8 | 0 | 400 | 106,4 | 74,3 | 14,6 |
| | Samt. | 470 | 273 | 137 | 179 | 250 | 53 | 72 | 63 | 13 | 14 | 26 | 8 | 0 | 1 559 | 143,2 | 100,0 | 19,7 |
| Meðalt. bílar/dag | | 26 | 68 | 131 | 253 | 396 | 560 | 828 | 1 224 | 1730 | 2 125 | 4 671 | 5 297 | 0 | 369 | | | |
| Reykjanes | Malar | 8 | 58 | 66 | 7 | 12 | 3 | 2 | 11 | 11 | 0 | 0 | 0 | 0 | 178 | 16,6 | 6,2 | 2,3 |
| | Bundið | 0 | 7 | 6 | 5 | 7 | 16 | 11 | 27 | 28 | 33 | 5 | 60 | 13 | 218 | 250,2 | 93,8 | 34,4 |
| | Samt. | 8 | 65 | 72 | 12 | 19 | 19 | 13 | 38 | 39 | 33 | 5 | 60 | 13 | 396 | 266,8 | 100,0 | 36,7 |
| Meðalt. bílar/dag | | 33 | 74 | 138 | 247 | 448 | 592 | 866 | 1 266 | 1 814 | 2 413 | 3 616 | 6 513 | 17 879 | 2 239 | | | |
| Vesturl. | Malar | 309 | 260 | 280 | 151 | 70 | 26 | 0 | 7 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 1 107 | 37,1 | 43,1 | 5,1 |
| | Bundið | 0 | 5 | 20 | 33 | 70 | 28 | 0 | 34 | 44 | 10 | 0 | 0 | 0 | 244 | 48,9 | 56,9 | 6,7 |
| | Samt. | 309 | 265 | 300 | 184 | 140 | 54 | 0 | 41 | 44 | 14 | 0 | 0 | 0 | 1 351 | 86,0 | 100,0 | 11,8 |
| Meðalt. bílar/dag | | 25 | 71 | 137 | 243 | 370 | 624 | 0 | 1 358 | 1 839 | 2 316 | 0 | 0 | 0 | 272 | | | |
| Vestfirðir | Malar | 424 | 377 | 312 | 34 | 4 | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 156 | 21,6 | 57,9 | 3,0 |
| | Bundið | 1 | 10 | 69 | 37 | 16 | 1 | 21 | 0 | 7 | 2 | 0 | 0 | 0 | 164 | 15,7 | 42,1 | 2,1 |
| | Samt. | 425 | 387 | 381 | 71 | 20 | 1 | 26 | 0 | 7 | 2 | 0 | 0 | 0 | 1 320 | 37,3 | 100,0 | 5,1 |
| Meðalt. bílar/dag | | 25 | 81 | 147 | 237 | 382 | 704 | 832 | 0 | 1858 | 2676 | 0 | 0 | 0 | 124 | | | |
| Norðurl.v. | Malar | 431 | 186 | 89 | 27 | 73 | 26 | 5 | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 843 | 23,9 | 42,0 | 3,3 |
| | Bundið | 1 | 0 | 7 | 29 | 34 | 54 | 62 | 34 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 221 | 33,0 | 58,0 | 4,5 |
| | Samt. | 432 | 186 | 96 | 56 | 107 | 80 | 67 | 40 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 064 | 56,9 | 100,0 | 7,8 |
| Meðalt. bílar/dag | | 27 | 68 | 145 | 243 | 389 | 621 | 856 | 1 061 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 229 | | | |
| Norðurl.e. | Malar | 164 | 242 | 243 | 161 | 136 | 18 | 7 | 11 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 982 | 39,8 | 50,8 | 5,5 |
| | Bundið | 2 | 2 | 9 | 9 | 83 | 29 | 18 | 46 | 3 | 7 | 2 | 0 | 0 | 210 | 38,6 | 49,2 | 5,3 |
| | Samt. | 166 | 244 | 252 | 170 | 219 | 47 | 25 | 57 | 3 | 7 | 2 | 0 | 0 | 1 192 | 78,4 | 100,0 | 10,8 |
| Meðalt. bílar/dag | | 31 | 78 | 149 | 250 | 405 | 653 | 840 | 1 187 | 1 950 | 2205 | 4 299 | 0 | 0 | 287 | | | |
| Austurland | Malar | 355 | 177 | 315 | 194 | 71 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 114 | 33,8 | 58,6 | 4,7 |
| | Bundið | 4 | 0 | 37 | 104 | 64 | 51 | 7 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 270 | 23,9 | 41,4 | 3,2 |
| | Samt. | 359 | 177 | 352 | 298 | 135 | 53 | 7 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 1 384 | 57,7 | 100,0 | 7,9 |
| Meðalt. bílar/dag | | 28 | 73 | 155 | 240 | 362 | 602 | 771 | 0 | 0 | 2 024 | 0 | 0 | 0 | 174 | | | |
| Samtals | Malar | 2 158 | 1 566 | 1 439 | 675 | 512 | 108 | 26 | 40 | 11 | 4 | 0 | 0 | 0 | 6 539 | 209,6 | 28,9 | 28,9 |
| | Bundið | 11 | 31 | 151 | 295 | 378 | 199 | 185 | 199 | 95 | 69 | 33 | 68 | 13 | 1 727 | 516,7 | 71,1 | 71,1 |
| | Alls | 2 169 | 1 597 | 1 590 | 970 | 890 | 307 | 211 | 239 | 106 | 73 | 33 | 68 | 13 | 8 266 | 726,3 | 100,0 | 100,0 |
| Meðalt. bílar/dag | | 27 | 74 | 145 | 245 | 389 | 611 | 839 | 1 217 | 1 821 | 2 315 | 4 495 | 6 368 | 17 879 | 341 | | | |

### 2.2.1.1. *Viðhald malarvega.*

Í þessum lið er kostnaður við endurnýjun ræsa, umferðarmerkja, stika og malarslitlags. Enn fremur kostnaður við skurðgröft, rásagerð, eftirlit og fleira.

Til mölburðar var varið 221,2 m.kr., en það var um 28,8% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarslitlag var endurnýjað á 1987 ásamt fjölda rúmmetra sem ekið var í vegina.

**Mölburður 1987.**

| | Óunnið efni | | | | Unnið efni | | | | Samt. | Mölburður | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Meðal-þykkt | | | | Meðal-þykkt | | | | Meðal-þykkt |
| Umdæmi | km | $m^3$ | $m^3$/m | cm | km | $m^3$ | $m^3$/m | cm | km | $m^3$ | $m^3$/m | cm |
| Suðurland .... | 36 | 17 738 | 0,49 | 9 | 87 | 58 180 | 0,67 | 12 | 113 | 75 918 | 0,67 | 11 |
| Reykjanes .... | 18 | 5 400 | 0,30 | 7 | 21 | 4 170 | 0,20 | 5 | 39 | 9 570 | 0,25 | 6 |
| Vesturland .... | 53 | 89 801 | 1,69 | 34 | 52 | 15 056 | 0,29 | 6 | 105 | 104 857 | 1,00 | 20 |
| Vestfirðir ..... | 34 | 66 996 | 1,94 | 39 | 55 | 19 991 | 0,36 | 7 | 68 | 86 987 | 1,27 | 25 |
| Norðurland v. . . | 80 | 64 260 | 0,80 | 16 | 65 | 29 160 | 0,45 | 9 | 145 | 93 420 | 0,64 | 12 |
| Norðurland e. . . | 50 | 27 807 | 0,56 | 12 | 83 | 20 316 | 0,25 | 5 | 105 | 48 123 | 0,46 | 9 |
| Austurland .... | 67 | 109 500 | 1,63 | 23 | 98 | 34 900 | 0,36 | 6 | 123 | 144 400 | 1,17 | 18 |
| Samtals ....... | 338 | 381 502 | 0,89 | | 460 | 181 773 | 2,53 | | 698 | 563 575 | 1,24 | |

### 2.2.1.2. *Viðhald vega með bundnu slitlagi.*

Lagðir voru 137.6 km af slitlagi í viðhaldi, sem skiptist þannig:

| | |
|---|---|
| Malbikun ........................ | 8,8 km |
| Olíumöl ......................... | 3,5 km |
| Afrétting + klæðing ............... | 31,1 km |
| Klæðing ......................... | 94,2 km |

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1987 skipt eftir kjördæmum. (Lengdir í km).

| | Lengdir í km | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kjördæmi | Steypa | Malbik | Olíumöl | Klæðing | Samtals |
| Suðurland ............... | 0,2 | 3,3 | 112,9 | 287,1 | 403,5 |
| Reykjanes .............. | 46,7 | 54,4 | 53,3 | 63,0 | 217,9 |
| Vesturland .............. | | 2,8 | 14,5 | 226,7 | 244,0 |
| Vestfirði ................ | | 9,2 | | 155,4 | 164,6 |
| Norðurland vestra ........ | 0,8 | | | 219,4 | 220,2 |
| Norðurland eystra ........ | | 11,5 | | 197,6 | 209,1 |
| Austurland .............. | 0,6 | | 8,5 | 260,1 | 269,2 |
| Samtals | 48,3 | 81,8 | 189,1 | 1 409,4 | 1 728,5 |

*2.2.1.3. Viðhald brúa.*

Fjárveiting var 31,0 m.kr.

Stærstu verkefnin voru eftirtalin:

Brýrnar á Þjórsá á Suðurlandsvegi (1) og Jökulsá hjá Grímsstöðum á Norðurlandsvegi (1) voru ryðhreinsaðar og málaðar að hluta og gert við steypuskemmdir á þeim. Einnig var unnið að steypuviðgerðum, lagfæringum og endurbótum á brúm á Tunguá á Uxahryggjavegi (52), Laxá og Grímsá á Skagavegi (745) og Eyrarteigsá og Jóku á Austurlandsvegi í Skriðdal (1). Auk þessa var unninn fjöldi smærri verka.

*2.2.1.4. Viðhald varnargarða.*

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Stærsta verkefnið var viðgerð á varnargörðum við Steinavötn.

*2.2.1.5. Heflun vega.*

Vegagerðin á nú 52 hefla og sinna þeir heflun malarveganna, ásamt verkum við nýbyggingu vega.

Eitt hefilstjóranámskeið var haldið á árinu fyrir yngstu menn í starfi. Vegagerðin hefur einn fastan starfsmann, sem kennir vegheflun.

Kostnaður við heflun var 93 m.kr. eða um 14 230 kr. á hvern km af malarvegum.

Hefladir voru 29,1 þús. km á 21 þús. klst.

Samkvæmt athugun eru afköst í heflun um 1,6 km fullheflaðs vegar á unna klst. Lausakeyrsla er mjög mismunandi eftir umdæmum eða frá 7%, þar sem best er og allt upp í 22%.

Aukin bundin slitlög á umferðarmestu vegunum hefur dregið mjög úr heflunarþörf, eins og meðfylgjandi tafla ber með sér.

| | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heflunartímar þús. klst. | 32,7 | 28,7 | 31,1 | 28,0 | 25,3 | 24,9 | 20,1 | 21,0 |
| Notkun hefla í snjómokstri | 12,1 | 24,3 | 16,6 | 21,2 | 18,4 | 6,5 | 11,5 | 5,4 |
| Heildarnotkun | 73,6 | 78,5 | 72,9 | 70,9 | 64,6 | 50,1 | 48,4 | 41,0 |

Heflunartími er nokkuð misjafn milli ára, sem skýra má af sveiflum í snjómokstri eins og neðri línan sýnir. Taflan ber þó greinilega með sér að heflunarþörf fer minnkandi.

### 2.2.1.6. *Rykbinding.*

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1987 með klórkalsíum, salti eða sjó. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega, annars vegar með meira en 200 bíla og hins vegar meira en 300 bíla á dag, miðað við sumarumferð.

| | Rykbundnir km. | | | | | Umferð | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Umdæmi | Klór Kalsíum | Úrgangs-salt | Nýtt salt | Sjór | Samtals | SDU> 200 | SDU> 300 |
| Suðurland | — | 920 | — | 60 | 980 | 295 | 190 |
| Reykjanes | 7 | 21 | — | 19 | 47 | 46 | 39 |
| Vesturland | 23 | 165 | — | 328 | 516 | 258 | 107 |
| Vestfirðir | — | — | — | 50 | 50 | 43 | 9 |
| Norðurl.v. | 24 | 159 | — | — | 183 | 138 | 111 |
| Norðurl.e. | 8 | 441 | — | — | 449 | 333 | 172 |
| Austurland | 26 | 164 | 154 | 10 | 354 | 267 | 73 |
| Samtals | 88 | 1 870 | 154 | 467 | 2 579 | 1 380 | 701 |

### 2.2.1.7. *Vinnsla efnis.*

1987 var aðeins starfrækt ein mulningsvélasamstæða á vegum Vegagerðarinnar og sá hún um efnisvinnslu á Norðurlandi eystra. Annars staðar var efnisvinnslan boðin út. Vinnsla efnis í slitlag malarvega 1987 var sem hér segir:

| | 19 mm | Mölun m³ 25 mm | >25 mm | Samt. m³ |
|---|---|---|---|---|
| Suðurland | — | 36 838 | 12 376 | 49 214 |
| Reykjanes | — | — | — | — |
| Vesturland | 22 424 | 21 277 | — | 43 701 |
| Vestfirðir | 18 505 | 26 593 | — | 45 098 |
| Norðurl.v. | 41 510 | 28 925 | 8 100 | 78 535 |
| Norðurl.e. | 59 640 | 3 548 | 3 916 | 67 104 |
| Austurland | 24 000 | — | — | 24 000 |
| Samtals | 166 079 | 117 181 | 24 391 | 307 652 |

### 2.2.1.8. *Vatnaskemmdir.*

Á árinu 1987 nam tjón vegna vatnaskemmda 12,9 m.kr. Á árunum 1982—1986 varð árlegur kostnaður 20,5 m.kr. að meðaltali á verðlagi 1987.

Eins og sést af þessum tölum varð tjón af völdum vatnaskemmda með minnsta móti miðað við fyrri ár.

Fyrst í október varð þó talsvert tjón af völdum vatnavaxta á norðanverðu Snæfellsnesi og einnig í Barðastrandarsýslum í nóvember og desember.

### 2.2.1.9. *Vegmerkingar.*

Fjárveiting var um 6,0 m.kr. Á árinu var hafin endurnýjun á leiðamerkjum, en þau eru flest um 10 — 15 ára gömul og mikið farin að láta á sjá. Endurnýjuð voru öll leiðamerki í Rangárvallasýslu og á aðalleiðinni Selfoss — Reykjavík — Dalsmynni í Norðurárdal. Ennfremur í kringum Akureyri.

Á árinu var leyfður aukinn ökuhraði á stofnbrautum og þurfti af því tilefni að setja upp mikið af „hraðamerkjum". Að venju var svo unnið við viðhald eldri umferðarmerkja.

Á næsta ári verður auk viðhalds eldri merkja haldið áfram við endurnýjun leiðamerkja.

## 2.2.2. Vetrarþjónusta.

Fjárveiting var 204 m.kr. Að auki voru til ráðstöfunar 35 m.kr. frá fyrra ári. Alls 239 m.kr. Kostnaður varð 142 m.kr. sem er um 87 m.kr. undir meðaltalskostnaði á ári sl. 10 ár, mælt á verðlagi 1987. Auk þess var 45 m.kr. varið til kaupa á snjómoksturstækjum þannig að heildarkostnaður, bókfærður á vetrarviðhald, varð 187 m.kr. Á sl. 10 árum varð kostnaður við vetrarþjónustu mestur árið 1984, um 317 m.kr. en minnstur 1985, rúmar 150 m.kr. Vegna óvenju hagstæðs tíðarfars um allt land á árinu 1987 eru eftirstöðvar fjárveitingar til vetrarþjónustu 52 m.kr.

Hér fara á eftir töflur sem sýna:

1. Yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu 1978 — 1987.
2. Kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum fjallvegum.
3. Tafla sem sýnir hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa á árinu 1987. Einnig er sýnt hve marga daga unnið var við snjómokstur ár þeim.

**Yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu 1978—1987.**

| Ár | Jan.-júní m.kr. | Okt.-des. m.kr. | Allt árið m.kr. | Vísitala vetrar- þjónustu | Á verðlagi 1987 m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1978 | 5,27 | 3,18 | 8,45 | 100 | 207,87 |
| 1979 | 8,91 | 5,46 | 14,37 | 144 | 245,49 |
| 1980 | 7,08 | 9,71 | 16,79 | 226 | 182,76 |
| 1981 | 26,99 | 15,99 | 42,98 | 347 | 304,70 |
| 1982 | 30,21 | 25,74 | 55,95 | 549 | 250,71 |
| 1983 | 90,61 | 46,31 | 136,92 | 1 083 | 311,01 |
| 1984 | 119,80 | 37,20 | 157,00 | 1 219 | 316,84 |
| 1985 | 51,00 | 45,80 | 96,80 | 1 583 | 150,43 |
| 1986 | 87,60 | 72,99 | 179,10 | 1 918 | 229,71 |
| 1987 | 112,20 | 74,80 | 142,00 | 2 460 | 142,00 |
| Meðaltalskostn.s.l. 10 ár | | | | | 229,09 |

**Kostnaður við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum — fjallvegum.**

| Kafli | Lengd kafla km | Kostnaður v/snjóm. þús.kr. | Kostnaður á km þús.kr. |
|---|---|---|---|
| Mýrdalssandur | 34 | 218 | 6.4 |
| Hellisheiði: Reykjavík — Hveragerði og Þrengslavegur | 52 | 6 458 | 124,2 |
| Holtavörðuheiði | 38 | 1 914 | 50,4 |
| Fróðárheiði | 13 | 848 | 65,2 |
| Miklidalur og Hálfdán | 29 | 3 008 | 103,7 |
| Breiðadalsheiði | 16 | 4 868 | 304,3 |
| Botnsheiði | 17 | 4 252 | 250,1 |
| Steingrímsfjarðarheiði | 36 | 4 115 | 114,3 |
| Siglufjarðarvegur: Ketilás — Siglufjörður | 31 | 2 561 | 82,6 |
| Öxnadalsheiði | 30 | 2 114 | 70,5 |
| Ólafsfjarðarmúli | 18 | 2 493 | 138,5 |
| Fjarðarheiði | 25 | 2 326 | 93,0 |
| Oddsskarð | 22 | 2 934 | 133,4 |

**Tafla sem sýnir, hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa árið 1987.**

| | Jan | Febr | Mars | Apríl | Maí | Júní | Júlí | Ág | Sept | Okt | Nóv | Des | Alls | Hlutfall af 365 dögum % | Snjó-moksturs-dagar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fróðárheiði | | | 3 | | | | | | | 1 | | | 4 | 1 | 31 |
| Svínadalur | | 1 | | 1 | | | | | | | | | 2 | 1 | 18 |
| Kletthals | 7 | 6 | 17 | 10 | 3 | | | 2 | | | | 5 | 50 | 14 | 18 |
| Hálfdán | 1 | 3 | 10 | 6 | 3 | | | 2 | | | | | 25 | 7 | 46 |
| Dynjandisheiði | 31 | 28 | 24 | 26 | 8 | | | 7 | | 5 | 1 | 7 | 137 | 38 | 9 |
| Hrafnseyrarheiði | 31 | 22 | 28 | 21 | 9 | | | | | 3 | 2 | 9 | 125 | 35 | 34 |
| Breiðadalsheiði | 8 | 9 | 18 | 10 | 1 | | | | | 1 | 1 | 6 | 54 | 15 | 79 |
| Botnsheiði | 6 | 11 | 19 | 5 | | | | | | 1 | | 4 | 46 | 13 | 61 |
| Steingrímsfjarðarh. | 4 | 8 | 16 | 9 | 3 | | | | | 1 | | 1 | 42 | 12 | 44 |
| Holtavörðuheiði | | 1 | 1 | 1 | | | | | | | | | 3 | 1 | 37 |
| Vatnsskarð nyrðra | | | | | | | | | | | | | | | 14 |
| Siglufv.-Fljót | | 1 | | 1 | | | | | | | | | 2 | 1 | 27 |
| Lágheiði | 31 | 28 | 31 | 23 | 15 | | | | | 16 | 3 | 8 | 155 | 43 | 9 |
| Öxnadalsheiði | | 1 | 3 | | | | | | | | | | 4 | 1 | 43 |
| Ólafsfjarðarmúli | 1 | 3 | 4 | 2 | | | | | | 2 | | 2 | 14 | 4 | 39 |
| Hólssandur | 31 | 28 | 31 | 30 | 30 | | | | | 23 | 19 | 31 | 223 | 61 | 1 |
| Axarfjarðarheiði | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | | | | | 25 | 30 | 31 | 237 | 65 | 1 |
| Sandvíkurheiði | 1 | 1 | 2 | | | | | | | | | | 4 | 1 | 14 |
| Vopnafjarðarheiði | 12 | 28 | 31 | 12 | | | | | | | | | 83 | 23 | 12 |
| Möðrudalsöræfi | 10 | 22 | 25 | 12 | | | | | | 2 | 5 | | 76 | 21 | 12 |
| Vatnsskarð eystra | 5 | 10 | 13 | 3 | | | | | | | | 1 | 32 | 9 | 21 |
| Fjarðarheiði | 3 | 5 | 10 | 2 | | | | | | | | | 20 | 6 | 49 |
| Oddsskarð | 1 | 5 | 7 | 1 | | | | | | | | | 14 | 4 | 35 |
| Breiðdalsheiði | 25 | 21 | 27 | 8 | | | | | | | | | 81 | 23 | 9 |

### 2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess.

Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega og skiptingu hans.

**Viðhaldskostnaður þjóðvega 1974—1987.**

| Ár | Fjárv. í vegáætl. m.kr. | Heildar-kostnaður m.kr. | Vetrar-viðhald m.kr. | Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaður % |
|---|---|---|---|---|
| 1974 | 7,16 | 8,44 | 1,64 | 19,4 |
| 1975 | 10,49 | 11,62 | 3,22 | 27,7 |
| 1976 | 13,81 | 14,62 | 3,16 | 21,6 |
| 1977 | 18,78 | 19,80 | 5,00 | 25,3 |
| 1978 | 32,20 | 35,00 | 8,45 | 24,1 |
| 1979 | 52,52 | 53,84 | 14,37 | 26,7 |
| 1980 | 83,02 | 81,01 | 16,87 | 20,8 |
| 1981 | 140,06 | 138,76 | 42,98 | 31,0 |
| 1982 | 222,90 | 236,58 | 55,95 | 23,6 |
| 1983 | 414,00 | 425,13 | 136,90 | 32,2 |
| 1984 | 532,30 | 561,67 | 157,00 | 28,0 |
| 1985 | 691,00 | 645,30 | 96,80 | 15,1 |
| 1986 | 821,10 | 777,00 | 179,10 | 23,1 |
| 1987 | 875,00 | 909,26 | 141,73 | 15,6 |

## Skipting viðhaldskostnaðar árið 1987.

Í meðfylgjandi töflu er sýnd skipting viðhaldskostnaðar árið 1987. Yfirlitið sýnir helstu verkþætti viðhalds.

| | | | | Kjördæmi | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kostnaðarliður | Sam-eiginl. þ.kr. | Suður-land þ.kr. | Reykja-nes þ.kr. | Vestur-land þ.kr. | Vest-firðir þ.kr. | N.land vestra þ.kr. | N.land eystra þ.kr. | Austur-land þ.kr. | Samt. þ.kr. | Hlutfall af heildark. % Alls | Sumarvh. |
| Eftirlit og stjórnun | 0 | 1 826 | 32 | 738 | 989 | 306 | 712 | 763 | 5 366 | 0,6 | 0,7 |
| Umferðarm., stikur, lýsing | 6 817 | 4 818 | 13 052 | 6 944 | 6 503 | 4 606 | 4 218 | 5 982 | 52 940 | 5,8 | 6,9 |
| Vegmálun | 0 | 2 400 | 6 240 | 288 | 2 149 | 1 988 | 1 731 | 1 995 | 16 791 | 1,8 | 2,2 |
| Vegheflun | 308 | 17 541 | 4 850 | 20 372 | 13 871 | 8 063 | 13 806 | 14 207 | 93 018 | 10,2 | 12,1 |
| Rykbinding | 0 | 3 243 | 1 661 | 4 449 | 4 428 | 6 024 | 8 512 | 5 143 | 33 460 | 3,7 | 4,4 |
| Mölb.-endurn.malarslitl. | 0 | 34 128 | 4 773 | 12 419 | 8 644 | 4 492 | 8 428 | 4 999 | 77 883 | 8,6 | 10,2 |
| Viðgerðir á bundnu slitl. | 0 | 1 355 | 7 035 | 4 229 | 1 028 | 935 | 2 246 | 2 869 | 19 697 | 2,2 | 2,6 |
| Yfirl.-endurn.b-slitl. | 0 | 9 638 | 53 724 | 18 808 | 1 524 | 2 780 | 7 651 | 4 666 | 98 791 | 10,9 | 12,9 |
| Axlir | 308 | 3 402 | 3 387 | 637 | 288 | 518 | 632 | 2 122 | 11 294 | 1,2 | 1,5 |
| Vorviðgerðir | 0 | 136 | 239 | 4 016 | 2 752 | 704 | 250 | 2 922 | 11 019 | 1,2 | 1,4 |
| Styrking | 0 | 22 | 3 200 | 7 959 | 19 989 | 46 167 | 16 998 | 37 989 | 132 324 | 14,5 | 17,2 |
| Rásir, skurðir, ræsi | 0 | 2 298 | 778 | 6 226 | 6 251 | 3 822 | 1 256 | 1 756 | 22 387 | 2,5 | 2,9 |
| Vatnaskemmdir | 0 | 640 | 403 | 1 141 | 3 074 | 108 | 1 225 | 2 891 | 9 482 | 1,0 | 1,2 |
| Efnisvinnsla | 0 | 14 026 | 241 | 9 362 | 21 528 | 391 | 15 907 | 8 169 | 69 624 | 7,7 | 9,1 |
| Samtals | 7 433 | 95 473 | 99 615 | 97 588 | 93 018 | 80 904 | 83 572 | 96 473 | 654 076 | 71,9 | 85,3 |
| Viðhald brúa | 828 | 10 393 | 538 | 4 695 | 1 396 | 4 103 | 6 187 | 7 509 | 35 649 | 3,9 | 4,6 |
| Sérst. verk í viðh. | 0 | 11 130 | 3 848 | 33 036 | 24 873 | 916 | 1 778 | 2 222 | 77 803 | 8,6 | 10,1 |
| Samtals sumarviðhald | 8 261 | 116 996 | 104 001 | 135 319 | 119 287 | 85 923 | 91 537 | 106 204 | 767 528 | 84,4 | 100,0 |
| Samtals vetrarþjónusta | 23 440 | 7 135 | 16 856 | 10 545 | 38 456 | 9 238 | 16 775 | 19 286 | 141 731 | 15,6 | |
| Viðhald alls | 31 701 | 124 131 | 120 857 | 145 864 | 157 743 | 95 161 | 108 312 | 125 490 | 909 259 | 100,0 | |

## Viðhaldskostnaður þjóðvega miðað við 100 ekna km árið 1987.

| Kjördæmi | Viðhaldskostnaður fyrir árið 1987 m.kr. | Lengd akfærra vega km | Viðhaldskostnaður á hvern km. þ.kr. | Eknir km. 1987 m.km | Viðhaldskostnaður á ekna 100 km kr. | Kostnaður við sumarviðhald alls m.kr. | Kostnaður við sumarviðhald á km þ.kr. | Kostnaður við sumarviðhald á ekna 100 km kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðurland | 128,6 | 1 559 | 82,5 | 143 | 90 | 118,3 | 75,9 | 82,7 |
| Reykjanes | 125,2 | 396 | 316,2 | 267 | 47 | 105,1 | 265,4 | 39,4 |
| Vesturland | 151,2 | 1 351 | 111,9 | 86 | 176 | 136,8 | 101,3 | 159,1 |
| Vestfirðir | 163,5 | 1 320 | 123,9 | 37 | 442 | 120,6 | 91,4 | 325,9 |
| Norðurland v. | 98,6 | 1 064 | 92,7 | 57 | 173 | 86,8 | 81,6 | 152,3 |
| Norðurland e. | 112,2 | 1 191 | 94,2 | 78 | 144 | 92,5 | 77,7 | 118,6 |
| Austurland | 130,0 | 1 383 | 94,0 | 58 | 224 | 107,4 | 77,7 | 185,2 |
| Samtals | 909,3 | 8 264 | 110,0 | 726 | 125 | 767,5 | 92,9 | 105,7 |

## 2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

### 2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda.

*2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda.*

Ríkissjóður þurfti ekki að afla neinna lána til vegagerðar á árinu 1987 þar sem vegáætlun var við það miðuð, að markaðar tekjur nægðu fyrir öllum áætluðum útgjöldum.

Áhaldahús Vegagerðar ríkisins tók hins vegar í október s.l. lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands að upphæð 18,0 m.kr. til að endurgreiða lán, sem Bæjarsjóður Akureyrar tók árið 1981 vegna brúargerðar á Eyjafjarðará hjá Hrafnagili, en brú þessi kom að miklum notum við lagningu hitaveitunnar. Lán þetta ber 8% ársvexti, er bundið lánskjaravísitölu og skal endurgreiðast á árunum 1990—1992 af framlögum á vegáætlun til framkvæmda í Norðurlandskjördæmi eystra.

*2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.*

Tekin voru bráðabirgðalán sem heimamenn í tilteknum héruðum höfðu óskað eftir að leggja fram eða afla með öðrum hætti til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Var lánsfé þetta að töluverðu leyti í formi vinnulána frá vinnuvélaeigendum og verktökum, en 44 m.kr. komu frá sveitarfélögum og 11 m.kr. frá lánastofnunum.

Bráðabirgðalán til stofnbrauta urðu samtals 87,1 m.kr. og fóru 11 m.kr. til Suðurlandsvegar á Mýrdalssandi og í Mýrdal, 22 m.kr. til Reykjanesbrautar og Þingvallavegar, 23 m.kr. til stofnbrauta á Snæfellsnesi, 6 m.kr. til Djúpvegar á Steingrímsfjarðarheiði, 9 m.kr. til lagningar bundins slitlags á Skagastrandarveg og 7 m.kr. til Austurlandsvegar á Völlum.

Lán til þjóðbrauta urðu samtals 44,7 m.kr. Helmingurinn af því fé fór til vega á Suðurlandi og afgangurinn til þjóðbrauta á Austurlandi og í Reykjaneskjördæmi.

Til viðhalds vega voru teknar að láni samtals 49,4 m.kr., aðallega til vega á Vestfjörðum og Vesturlandi, en einnig nokkuð til vega á Suðurlandi og Austfjörðum.

Lán til brúargerða urðu samtals 30,2 m.kr. og fór mest af því fé til brúar á Ölfusá hjá Óseyrarnesi eða 25,6 m.kr., en 2,4 m.kr. til brúar á skurð hjá Krossi í Landeyjum og 2,2 m.kr. til brúar á Laxá hjá Núpafossi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 212,16 m.kr. á móti 71,38 m.kr. í árslok 1986 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum:

| | Árslok 1987 m.kr. | Árslok 1986 m.kr. |
|---|---|---|
| Til stofnbrauta | 87,12 | 33,73 |
| Til þjóðbrauta | 44,74 | 27,90 |
| Til viðhalds | 49,42 | 9,55 |
| Til brúargerða | 30,18 | 0,00 |
| Til verkfr. undirbúnings o.fl. | 0,70 | 0,20 |
| Samtals | 212.16 | 71,38 |

*2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda.*

Engin önnur lán voru tekin til vegaframkvæmda árið 1987, en ríkissjóður yfirtók á sínum tíma greiðslu vaxta og afborgana af öllum föstum lánum sem tekin höfðu verið til vegaframkvæmda og þarf Vegagerðin ekki að bera neinn kostnað af þeim lengur.

*2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun.*

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun voru 847,0 m.kr. Skiptist sú tala þannig að til stofnbrauta fóru 676,0 m.kr., til þjóðbrauta 133,0 m.kr., til bundinna slitlaga á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum 24,0 m.kr. og til girðinga og uppgræðslu 14,0 m.kr.

*2.3.0.7. Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun.*

Heildarfjárfesting á árinu 1987 í nýjum stofnbrautum, þjóðbrautum og brúm, varð 982 m.kr. samkvæmt bráðabirgðayfirliti.

Bundið slitlag var lagt á 306 km, þar af 249 km á stofnbrautir og 57 km á þjóðbrautir. Af þessum 306 km eru 101 km með einbreiðu slitlagi (3,8 m).

Byggðar voru samtals átta brýr 10 metra langar eða lengri og voru þær samtals 158 m á lengd. Fimm þessara brúa voru byggðar á stofnbrautum, samtals 116 m, en ein 12 m á þjóðbraut. Ein brú var byggð á sýsluvegi, 29 m löng. Á þjóðvegi í þéttbýli var byggður 7 m stokkur, 40 m langur.

Auk þess voru byggðar ellefu smábrýr, samtals 52 m á lengd. Þrjár voru á stofnbrautum, samtals 10 m, og sex á þjóðbrautum, samtals 26 m. Ein 7 m brú var byggð á fjallvegi og ein á sýsluvegi, 8 m.

## 2.3.1. Til stofnbrauta.

*2.3.1.1. Almenn verkefni.*

Fjárveitingar til almennra verkefna á stofnbrautum voru samtals 251.000 þús. kr. og var þeim skipt eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti:

| Vegur / Vegnr. | Vegaheiti / Kaflaheiti | Vegáætlun 1987 þús. kr. |
|---|---|---|
| | **Suðurlandskjördæmi** | |
| 1 | Suðurlandsvegur | |
| 16—17 | Sýslumörk—Sandhólmavegur | 2.500 |
| 22—28 | Hvolsvöllur—Þjórsá | 500 |
| | **Reykjaneskjördæmi** | |
| 1 | Vesturlandsvegur | |
| 12 | Höfðabakki—Úlfarsfellsvegur | 3.000 |
| 41 | Reykjanesbraut | |
| 02 | Breiðholtsbraut—Vífilsstaðavegur | 22.000 |
| 07 | Grindavíkurvegur—Hafnavegur | 4.000 |
| 431 | Hafravatnsvegur | |
| 02 | Úlfarsfellsvegur—Vesturlandsvegur | 2.000 |
| | **Vesturlandskjördæmi** | |
| 1 | Vesturlandsvegur | |
| 02 | Um Kalastaðahæð | 800 |
| 08 | Ofan Borgarness | 3.300 |
| 12 | Hvammshorn-Sanddalsá | 1.800 |
| 54 | Ólafsvíkurvegur | |
| 04 | Hítará-Kaldá | 10 600 |

| Vegur Vegnr. | Vegaheiti Kaflaheiti | Vegáætlun 1987 þús. kr. |
|---|---|---|
| 11 | Snæfellsnesvegur—Fossá | 17.000 |
| 57 | Snæfellsnesvegur | |
| 07—08 | Stykkishólmsvegur—Helgafellssveitarvegur | 4.900 |
| 12 | Grundarfjörður—Kvíabryggja | 1.000 |
| 60 | Vestfjarðavegur | |
| 03 | Gröf—Snæfellsnesvegur | 5.600 |
| | **Vestfjarðakjördæmi** | |
| 60 | Vestfjarðavegur | |
| 03 | Mýrartunga—Klettur | 5.000 |
| 05 | Þorskafjarðarvegur—Gröf | 2.000 |
| 11 | Vattarnes—Eiði | 2.500 |
| 17 | Um Dynjandisá | 2.000 |
| 62 | Barðastrandarvegur | |
| 05 | Örlygshafnarvegur—Patreksfjörður | 4.500 |
| 68 | Hólmavíkurvegur | |
| 06 | Guðlaugsvík-Stikuháls | 7.000 |
| 617 | Tálknafjarðarvegur | |
| 01 | Bíldudalsvegur—Tálknafjörður | 5.000 |
| | **Norðurlandskjördæmi vestra** | |
| 1 | Norðurlandsvegur | |
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Lýstur var 1,0 km frá Reykjalundarvegi að Vesturlandsvegi ásamt Reykjalundarvegi.

1 **Vesturlandsvegur:**

01 Brunná — Bláskeggsá:

Fjárveiting var engin, en styrktur var og lagður klæðingu 4,2 km kafli frá Brunná að Bláskeggsá fyrir viðhaldsfé. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

02 Um Kalastaðahæð:

Fjárveiting var 0,8 m.kr. og var hún notuð til frágangs á vegsvæði nýbyggingar frá 1986.

08 Ofan Borgarness:

Fjárveiting var 3,3 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári og unnið við frágang á vegsvæði.

12 Hvammshorn—Sanddalsá:

Fjárveiting var 1,8 m.kr. og 5,7 m.kr. til brúar á Litluá. Einnig voru fengnar að láni 7,0 m.kr. af fjárveitingu til Holtavörðuheiðar (sbr. 2.3.1.3.—1). Lagður var nýr vegur 3,0 km að lengd frá Hvammsleiti að Sanddalsá. Verktaki var Sigurður Vigfússon, Bjarnarfossi. Vegagerðin byggði brúna. Vegurinn var lagður malarslitlagi. Fyrirhugað er að leggja klæðingu á veginn 1989. Að öðru leyti er verkinu lokið.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

02 Um Langá:

Fjárveiting var engin, en með samþykki þingmanna var samið við verktaka árið 1986 um verkið með greiðslu 1988, en þá er fjárveiting í verkið. Styrktur var og lagður klæðingu 3,2 km vegarkafli frá Tungulæk, um Langá að Brókarlæk. Verktaki var Borgarverk hf., Borgarnesi. Undirbygging var unnin haustið 1986.

04 Hítará — Kaldá:

Fjárveiting var 10,6 m.kr. og 7,2 m.kr. til bundinna slitlaga. Endurbyggður var 7,8 km kafli frá Hítará að Kaldá og lagður klæðingu. Undirbyggingarverktaki var Vísir hf. Akranesi en klæðingarverktaki var Hagvirki hf. Hafnarfirði. Ólokið er frágangi námu og fínsnyrtingu fláa.

05 Haffjarðará — Núpá:

Fjárveiting var engin, en fyrir viðhaldsfé var styrktur og lagður klæðingu 5,6 km kafli frá Haffjarðará að Núpá. Hluti kaflans, um 2,0 km, var endurbyggður veturinn 1986—1987. Verktaki undirbyggingar var Sigurður Vigfússon, Bjarnarfossi, en klæðingarverktaki var Hagvirki hf. Hafnarfirði.

07 Vegamót — Hofsstaðir:

Fjárveiting var engin, en 1988 er 10,9 m.kr. fjárveiting til þessa verks og 12,2 m.kr. til brúar á Straumfjarðará. Kaflinn er 2,56 km langur. Verktaki er Sigurður Vigfússon, Bjarnarfossi. Verktaki hóf framkvæmdir skömmu fyrir áramót 1987—1988.

11 Snæfellsnesvegur — Fossá:

Fjárveiting var 17,0 m.kr. og 8,0 m.kr. til brúar á Fróðá. Byggður var vegarkafli frá Leyningi, um Fróðárrif og Bugsmúla, að Fossá við Ólafsvík. Verktaki var Höttur hf., Fjarðarhorni, Hrútafirði. Ólokið er frágangi vegsvæðis og ræsa, einnig efra burðarlag og klæðingu, en fjárveiting er til þess 1988.

57 **Snæfellsnesvegur:**

07—08 Stykkishólmsvegur — Helgafellssveitarvegur:

Fjárveiting var 4,9 m.kr. Lokið var við kaflann sem boðinn var út 1986 frá Gríshól að Hraunsjaðri við Helgafellssveitarvegamót vestri, ásamt viðbótarkafla frá Stykkishólmsvegi að Gríshól alls 10,6 km. Einnig var byggð 1,7 km tenging að Kerlingarskarði. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi. Klæðning var einnig lögð á áðurnefnda kafla samtals 12,3 km. Verktaki klæðingar var Klæðning hf., Reykjavík. Verktakar lánuðu allan framkvæmdakostnað sem á vantaði til 1988, en þá er fjárveiting til kaflans.

12 Grundarfjörður — Kvíabryggja:

Fjárveiting 1,0 m.kr. og 2,5 m.kr. til bundinna slitlaga. Lokið var við byggingu 2,0 km vegarkafla frá Grundarfirði að Mýrum og lögð á hann fyrra lag klæðingar. Vegagerðin sá um lokafrágang undirbyggingar á kaflanum en undirbyggingu hans lauk á árinu 1986. Lagningu klæðingar annaðist Klæðning hf., Reykjavík.

60 **Vestfjarðavegur:**

02 Breiðabólsstaður — Gröf:

Fjárveiting var engin en byggður var 3,3 km langur kafli fyrir viðhaldsfé. Á um 2,0 km kafla var vegurinn færður niður á áreyrar Miðár, en öðru leyti er gömlu veglínunni fylgt. Einnig var gömul steinbrú á Breiðabólsstaðargili lögð af og sett í staðinn 2,0 m stálræsi. Verkið var unnið af Vegagerðinni. Ólokið er við efra burðarlag og klæðingu.

03 Gröf — Snæfellsnesvegur:

Fjárveiting var 5,6 m.kr. Var hún notuð ásamt viðhaldsfé til að styrkja og leggja klæðingu á kaflann frá Gröf að Snæfellsnesvegi við Skógstagl, samtals 12,4 km. Undirbygging var gerð af Loftorku Borgarnesi hf. Lokaafrétting vegarins ásamt efra burðarlagi og klæðingu var unnin af Vegagerðinni.

08 Sælingsdalsvegur — Jónsvað:

Fjárveiting var engin, en samhliða lagningu klæðingar á Sælingsdalsveg (sbr. 2.3.2.1) var lagt efra burðarlag og klæðing á 0,9 km kafla vestur frá Sælingsdalsvegi í átt að Jónsvaði fyrir viðhaldsfé. Áður hafði vegur verið styrktur í 10 tonna öxulþunga. Verktaki var Borgarverk hf., Borgarnesi.

60 **Vestfjarðavegur:**

03 Mýrartunga — Hríshóll:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Endurbyggður var 3,2 km kafli. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Vinnuvélum hf., Patreksfirði. Frágangi er ekki lokið.

05 Þorskafjarðarvegur — Gröf:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári og unnið að frágangi.

11 Vattarnes — Eiði:

Fjárveiting var 2,5 km. Borið var ofan í kaflann frá Vaðalnesi að Eiði, 3,8 km langan. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Hagvon.

17 Um Dynjandisá:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Verkinu, sem átti að vinna, var frestað til næsta árs.

62 **Barðastrandarvegur:**

05 Örlygshafnarvegur — Patreksfjörður:

Fjárveiting var 4,5 m.kr. og fjárveiting til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.3. var 3,0 m.kr. Greitt var vinnulán frá fyrra ári. Lagfærður var og styrktur 2,0 km kafli og lögð klæðing á hann svo og á 2,4 km nýjan kafla frá fyrra ári. Slitlagskaflinn (4,4 km) er frá Örlygshafnarvegi að Hlaðseyrará. Vegagerðin stjórnaði verkinu.

68 **Hólmavíkurvegur:**

06 Guðlaugsvík — Stikuháls:

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Lagður var 3,2 km langur kafli fram hjá bæjunum Guðlaugsvík og Skálholtsvík. Verktakafyrirtækið Arnarfell vann verkið.

617 **Tálknafjarðarvegur:**

01 Bíldudalsvegur — Tálknafjörður:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. og fjárveiting til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. var 4,0 m.kr. Endurbyggður var 2,9 km kafli sem Úlfar Önundarson var verktaki við. Vegagerðin stjórnaði síðan lagningu klæðingar. Er þá komið bundið slitlag á milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar.

1 **Norðurlandsvegur:**

05 Hvammstangavegur — Vatnsnesvegur:

Fjárveiting var 4,5 m.kr. og 8,9 m.kr. til bundinna slitlaga. Gengið var frá 5 km löngum kafla frá ristarhliði við Múla að Vatnsnesvegi og lögð á hann klæðing. Verktaki við klæðinguna var Hagvirki hf.

15 Sýslumörk — Skagafjarðarvegur.

Fjárveiting var 12,0 m.kr. og 11,0 m.kr. til sérstakra verkefna. Boðin var út nýbygging 6,4 km kafla frá Gilsflóa að sýslumörkum. Samið var við Örnólf Guðmundsson, en hann lauk aðeins við um 2,4 km. Ekki reyndist unnt að bjóða eftirstöðvar verksins aftur út og var þeim því frestað til næsta árs.

74 **Skagastrandarvegur:**

01—02 Vatnahverfi — Skagavegur:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. og 9,2 m.kr. til bundinna slitlaga. Auk þess var tekið lán að upphæð 9,0 m.kr. frá Skagstrendingi hf. Lokið var styrkingu frá Vatnahverfi að Skagavegamótum ( fyrir viðhaldsfé ) og lögð var 18 km klæðing á kaflann. Verktaki var Hagvirki hf.

76 **Siglufjarðarvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Framnes:

Fjárveiting var 6,2 m.kr. og 2 m.kr. til bundinna slitlaga. Greidd var 3,8 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var við byggingu kaflans frá Norðurlandsvegi að Hjaltastöðum 6,2 km að lengd. Lögð var einföld klæðing á kaflann. Verktaki við lagningu klæðingar var Borgverk hf.

10 Um Mánárskriður:

Fjárveiting var 1,5 m.kr. Lokið var jöfnun og lagningu malarslitlags á nýja veginn um Mánárskriður.

11 Gangamunni — Siglufjörður:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. og 1,8 m.kr. til bundinna slitlaga. Breikkaður var 0,7 km kafli frá gangamunna í átt til Siglufjarðar. Verktaki var Arnarfell hf.

1 **Norðurlandsvegur:**

15 Fnjóskadalsvegur eystri — Norðausturvegur:

Fjárveiting var 30,0 m.kr. Lagður var 2,9 km langur kafli frá Birningsstöðum að Kambsá. Verkið var unnið af Arnarfelli hf. Einnig 4,6 km langur kafli frá Stórutjarnaskóla að Krossi. Verkið var unnið af Jarðverki sf.

18 Aðaldalsvegur — Brún:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. og 8,0 m.kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Lagður var 2,2 km langur kafli frá Austurhlíðarvegi að Kárhóli og styrktur 6,5 km langur kafli frá Seljadalsá að Austurhlíðarvegi og frá Kárhóli að Hallbjarnarstöðum. Einnig var lagt fyrra lag klæðingar á alla kaflana.

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**

01—02 Hvammur — Miðbraut:

Fjárveiting var 24,0 m.kr. Boðinn var út 8,3 km langur kafli frá Brunná að Miðbraut. Þessi kafli er nú í byggingu og áætlað að ljúka framkvæmdum í ágúst 1988. Verkið er unnið af Fossverk hf.

1 **Austurlandsvegur:**

11 Rangá — Fellabær:

Fjárveiting var engin, en til bundinna slitlaga 5,0 m.kr. sbr. 2.3.1.2.—1. Lokið var við endurbyggingu á 1,48 km löngum kafla milli hitaveituvegar og Fellabæjar. Verkið var unnið bæði af verktakanum Norðurverk hf. og flokki frá Vegagerð ríkisins.

15 Upphéraðsvegur — Litla Sandfell:

Fjárveiting var engin, en unnið var fyrir 5,0 m.kr. lán frá Vallahrepp, 2,0 m.kr. lán frá Skriðdalshrepp og 2,0 m.kr. af viðhaldsfé, samtals 9,0 m.kr. Endurbyggður var að hluta og lagður nýr vegur að hluta á 5,9 km löngum kafla milli Upphéraðsvegar og Stóra Sandfells. Verkinu er ólokið.

22 Stigi — Krossá:

Fjárveiting var 11,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1,0 m.kr. Lagður var nýr vegur frá Stiga að Núpi, 2,1 km og vegur endurbyggður frá Núpi að Krossá, 5,1 km. Verktaki var Elís P. Sigurðsson, Breiðdalsvík. Verki er ekki að fullu lokið.

47 Fátækramannahóll — Bakkalækur:

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Lagður var nýr vegur frá Malarási að Hofi 2,8 km. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Fell sf., Höfn. Verki er ekki lokið.

85 **Norðausturvegur:**

10 Deildarlækur — Sunnudalsvegur:

Fjárveiting var 7,0 m.kr og innistæða frá fyrra ári 2,3 m.kr. Lagður var nýr vegur á 6,9 km löngum kafla frá Deildarlæk að Sunnudalsvegi. Verktaki var Vökvavélar hf.

92 **Norðfjarðarvegur:**

07 Um Hólmaháls:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Vegur endurbyggður 1,4 km og lagður nýr vegur 0,4 km. Verktaki var Gunnar og Kjartan sf., Egilsstöðum.

09 Eskifjörður — Sandskeið:

Fjárveiting var 11,0 m.kr. Lagður var nýr vegur 0,7 km upp úr Eskifirði. Verki er ekki lokið.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**

01 Um Eyvindará:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. og 3,0 m.kr. til bundinna slitlaga, sbr. 2.3.1.2.—1. Greidd var 1,6 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var gerð nýs vegar, á 1,5 km löngum kafla, frá Norðfjarðarvegi að Borgarfjarðarvegi. Verkið var unnið bæði af verktakanum Norðurverk hf. frá Akureyri og flokki frá Vegagerð ríkisins.

03 Um Neðri-Staf:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. og 2,0 m.kr. til bundinna slitlaga, sbr. 2.3.1.2.—1. Greidd var 0,6 m.kr. skuld frá fyrra ári. Endurlagður var 1,8 km langur kafli frá Stafdalsá að Mýrarbrekku.

96 **Suðurfjarðavegur:**

05 Höfðahús — Brimnes:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1,7 m.kr. Unnið var að hluta til fyrir viðhaldsfé. Vegur var endurbyggður 3,5 km undir bundið slitlag, sbr. fskj. 2.3.1.2.—1.

12 Breiðdalsvík — Staðarborg:

Fjárveiting var 11,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 0,9 m.kr. Unnið var einnig fyrir viðhaldsfé að hluta. Vegur var endurbyggður 6,7 km milli Breiðdalsvíkurvegar og Austurlandsvegar undir bundið slitlag, sbr. fskj. 2.3.1.2.—1.

Fskj.2.3.1.2.—1.

**Stofnbrautir — bundin slitlög.**
**Greinargerð um framkvæmdir.**

1 **Suðurlandsvegur:**

14 Vík — Dyrhólavegur:

Fjárveiting var 14,0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 3,6 m.kr. Lögð var klæðing á 6,7 km langan kafla milli Hvammsár og Dyrhólavegar. Klæðingarflokkur Vegagerðarinnar lagði fyrra lagið en Borgarverk hf. seinna lagið.

35 **Biskupstungnabraut:**

03 Búrfellsvegur — Laugarvatnsvegur:

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Lögð var klæðing á 6,2 km langan kafla milli Höskuldslækjar og Laugarvatnsvegar. Verktaki var Hagvirki hf.

1 **Vesturlandsvegur:**

17 Eyrarfjallsvegur — Kjósarskarðsvegur.

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Styrktur var og lagður klæðingu 2,4 km langur kafli frá Breiðamýri að Hvammsvík. Verktaki var Klæðing hf.

1 **Vesturlandsvegur:**

01 Brunná — Bláskeggsá:

Fjárveiting var engin en lagt bundið slitlag á 4,2 km fyrir viðhaldsfé. Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

02 Um Langá:

Fjárveiting var engin en lagt bundið slitlag á 3,2 km fyrir lánsfé.( Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

04 Hítará — Kaldá:

Fjárveiting var 7,2 m.kr og 10,6 m.kr af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1 (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.) Lagt var bundið slitlag á 7,8 km kafla.

05 Haffjarðará — Núpá:

Fjárveiting var engin en lagt bundið slitlag á 5,6 km fyrir viðhaldsfé. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

57 **Snæfellsnesvegur:**

07—08 Stykkishólmsvegur — Helgafellssveitarvegur:

Fjárveiting var engin en lagt bundið slitlag á 10,6 km fyrir lánsfé. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

12 Grundarfjörður — Kvíabryggja:

Fjárveiting var engin en lagt bundið slitlag á 2,0 km fyrir lánsfé. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

60 **Vestfjarðavegur:**

03 Gröf — Snæfellsnesvegur:

Fjárveiting var 5,6 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 12,4 km. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

08 Sælingsdalsvegur — Jónsvað:

Fjárveiting var engin, en lagt var bundið slitlag á 0,9 km kafla fyrir viðhaldsfé. (Sjá fskj. 2.3.1.1.— 1.)

60 **Vestfjarðavegur:**

23 Lambadalur — Hjarðardalur:

Fjárveiting var 9,0 m.kr. Lagt var slitlag á 5,7 km langan kafla frá Næfranesi að Hjarðardal. Vegagerðin stjórnaði verkinu.

61 **Djúpvegur:**

16 Seljaland — Súðavík:

Fjárveiting var 11,5 m.kr. Lagt var slitlag á 6,4 km kafla frá Svarfhóli að Langeyri. Vegagerðin stjórnaði verkinu.

62 **Barðastrandarvegur:**

05 Örlygshöfn — Patreksfjörður:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. og 4,5 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1—1.)

65 **Súgandafjarðarvegur:**

02 Botn — Suðureyri:

Fjárveiting var 4,3 m.kr. Lagt var slitlag á 2,4 km langan kafla frá Laugum að slitlagsenda rétt fyrir innan þorpið.

68 **Hólmavíkurvegur:**

10 Hvalsá — Tröllatunga:

Fjárveiting var 2,2 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

617 **Tálknafjarðarvegur:**

01 Bíldudalsvegur — Tálknafjörður:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. og 5,0 m.kr af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1—1.)

1 **Norðurlandsvegur:**

05 Hvammstangavegur — Vatnsnesvegur:

Fjárveiting var 8,9 m.kr. og 4,5 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

07 Víðidalsvegur eystri — Gljúfurá:

Fjárveiting var 3,2 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1,1 m.kr. og lagt efra lag klæðingar á 2 km kafla um Lækjarmótsmela.

74 **Skagastrandarvegur:**

01 Vatnahverfi — Þverárfjallsvegur:

Fjárveiting var 9,2 m.kr. og 3,0 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

76 **Siglufjarðarvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Framnes:

Fjárveiting var 2,9 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1,5 m.kr. Lagning efra lags klæðingar var frestað til næsta árs.

11 Gangamunni — Siglufjörður:

Fjárveiting var 1,8 m.kr. og 1,0 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.) Fskj. 2.3.1.2.—1.

1 **Norðurlandsvegur:**

01 Grjótá — Öxnadalsá:

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Lagt var fyrra lag klæðingar á 9,1 km langan kafla frá Grjótá að Öxnadalsá og seinna lag klæðingar á 3,0 km langan kafla í Bakkaselsbrekku.

09 Eyjafjarðarbraut vestri — Eyjafjarðarbraut eystri:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Lögð var tvöföld klæðing á 1,4 km langan kafla frá Eyjafjarðarbraut vestri að Eyjafjarðarbraut eystri.

12 **Svalbarðseyri — Grenivíkurvegur:**

Fjárveiting var 10,0 m.kr. Lögð var tvöföld klæðing á 6,0 km langan kafla frá Svalbarðseyrarvegi að Grenivíkurvegi.

13 Grenivíkurvegur — Illugastaðavegur:

Fjárveiting var engin en innistæða frá fyrra ári 3,0 m.kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 5,5 km langan kafla frá Grenivíkurvegi að Hrossagili.

1 **Austurlandsvegur:**

11 Rangá — Fellabær:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Lögð var klæðing á 1,5 km langan kafla frá hitaveituvegi að Fellabæ.

85 **Norðausturvegur:**

07 Um Nýpslón:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Greidd var 3,9 m.kr. skuld frá fyrra ári.

92 **Norðfjarðarvegur:**

04 Neðstabrú — Skriður:

Fjárveiting var 10,0 m.kr. Innistæða var frá fyrra ári 5,7 m.kr. af almennu verkefni. Lagður var nýr vegur gegnum Skriður 0,4 km og lögð klæðing 6,7 km frá Neðstubrú að Hryggseli.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**

01 Um Eyvindará:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. og 3,0 m.kr. til almennra verkefna, sbr. 2.3.1.1.—1. Lögð var klæðing á 1,5 km langan kafla frá Norðfjarðarvegi að Borgarfjarðarvegi.

03 Neðri-Stafur — Gufufoss:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. og 4,0 m.kr. til almennra verkefna, sbr. 2.3.1.1.—1. Lögð var klæðing á 1,2 km langan kafla frá Mýrarbrekku að og um Gufufossbrekku.

96 **Suðurfjarðavegur:**

05 Höfðahús — Brimnes:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. og 3,0 m.kr. til almennra verkefna, sbr. 2.3.1.1.—1. Lögð var klæðing á 3,2 km milli Höfðahúsa og Brimness.

10 Stöðvará — Kambanes:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. og unnið var að hluta fyrir viðhaldsfé. Lögð var klæðing 3,4 km um Tóftá að Kambanesi.

12 Breiðdalsvík — Staðarborg:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. og 11,0 m.kr. til almennra verkefna, sbr. 2.3.1.1.—1. Lögð var klæðing 6,7 km frá Breiðdalsvíkurvegi að Austurlandsvegi.

Fskj.2.3.1.3.—1.

**Stofnbrautir — sérstök verkefni.**
**Greinargerð um framkvæmdir.**

34 **Eyrarbakkavegur:**

05 Um Ölfusárós:

Fjárveiting var 60,0 m. kr. Að undangengnu útboði var samið við S.H. verktaka, Hafnarfirði, um byggingu brúar yfir Ölfusárós ásamt gerð fyllinga og leiðigarða við hana. Skal vertaki ljúka verkinu eigi síðar en 1. ágúst n.k. Brúin yfir Ölfusárós verður steypt eftirspennt bitabrú í 8 höfum. Heildarlengd hennar verður 360 m en breidd 7,3 m. Hæð gólfs yfir klapparbotni verður rúmir 9 m en hæð yfir meðalstórstraumsfjöru tæpir 7 m.

36 **Þingvallavegur:**

06—01 Kárastaðir — Stardalur:

Fjárveiting var 9,0 m.kr. Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 11,3 m.kr. Lagt var efra klæðingarslitlag á 6,6 km langan kafla frá Móakotsá að Stóralandshóli. Undirbyggður var 3,1 km frá Stóralandshól að Litla Sauðafelli og lagður 1,0 km langur kafli með klæðingu. Verkið var unnið af Klæðingu hf.

41 **Reykjanesbraut:**

02—03 Reykjavík — Hafnarfjörður:

Fjárveiting frá almennum verkefnum 22,0 m.kr. og frá 1.5. Reykjavíkursvæðið 20.0 m.kr. Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 10,1 m.kr. Greidd var 13,2 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lagt var efra malbiksslitlag á 5,8 km langan kafla frá Nýbýlavegi að Hafnarfjarðarvegi og hann lýstur. Lagðar voru klæddar axlir (0,5 m breiðar) á 6,4 km langan kafla frá Breiðholtsbraut að Hafnarfjarðarvegi. Framkvæmdum við þennan kafla er lokið en þær hófust árið 1982. Verktaki var Hlaðbær-Colas hf.

**Þjóðvegir í Reykjavík:**

Fjárveiting var 20,0 m.kr. sem var notuð til framkvæmda á Reykjanesbraut, sjá hér á undan.

1 **Vesturlandsvegur:**

14 Holtavörðuheiði:

Fjárveiting var 19,0 m.kr. Greidd var 3,4 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lögð var klæðing ásamt efra og neðra burðarlagi á 6,7 km kafla frá Norðurá við Fornahvamm að Norðurá við Heiðarsporð. Verktaki var Hagvirki hf. Efra klæðingarlagi var frestað til næsta árs. Einnig voru lánaðar 8,0 m.kr. til framkvæmda við kafla 12 hjá Hvammi í Norðurárdal. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

61 **Djúpvegur:**

01—05 Tenging Inndjúps:

Fjárveiting var 23,0 m.kr. Greitt var vinnulán 4,0 m.kr. frá fyrra ári og tekið annað að upphæð 6,0 m.kr. Lokið var við 5,6 km kafla í Lágadal, það verk var unnið af verktakafyrirtækinu Hetti o.fl. Sett var burðarlag á 11,5 km langan kafla frá Þorskafjarðarvegi að stað neðst í Miðdal rétt ofan við Fossabrekkur. Verktaki við það verk var Kristján Guðmundsson Hólmavík. Hægt var að hleypa vetrarumferð á kaflann um Lágadal í desember 1986 og var hann notaður meðan frost var í jörðu. Haustið 1987 var hægt að taka kaflann endanlega í notkun þó að það vanti slitlag á allan kaflann.

1 **Norðurlandsvegur:**

01 Sýslumörk — Skagafjarðarvegur:

Fjárveiting var 11,0 m.kr. og 12,0 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

17 Um Héraðsvötn:

Fjárveiting var engin en 6,8 m.kr. innistæða frá fyrra ári. Ákveðið var í samráði við þingmenn að fresta framkvæmdum.

1 **Norðurlandsvegur:**

09—10 Eyjafjarðarbraut vestri — Vaðlaheiðarvegur:

Fjárveiting var 24,0 m.kr. Greidd var 12,0 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lagfært sig og ekið efra burðarlagi á 1,4 km langan kafla frá Eyjafjarðarbraut vestri að Eyjafjarðarbraut eystri.

1 **Austurlandsvegur:**

30—32 Hof — Össurá:

Fjárveiting var 19,0 m.kr. Skuld frá fyrra ári var 6,3 m.kr. Unnið var fyrir viðhaldsfé að hluta. Lokið var frágangi vegar og lögð klæðing milli Grjótárgils og Starmýrar 3,4 km. Einnig var lögð klæðing í Lóni frá Reyðará að og um Þorgeirsstaði 17,3 km.

Fskj.2.3.1.4.—1.

**Ó-vegir.**

61 **Djúpvegur:**

25 Óshlíð:

Fjárveiting var 27,3 m.kr. Lagt var slitlag á 1,8 km kafla frá sorpeyðingarstöð að Hvanngjá, undir stjórn Vegagerðarinnar. Er þá komið bundið slitlag á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Byggður var vegskáli, 30 m langur, í Ytri-Hvanngjá. Það verk vann verktakafyrirtækið Gunnar og Guðmundur sf.

83 **Ólafsfjarðarvegur:**

06 Um Ólafsfjarðarmúla:

Fjárveiting var 10,0 m.kr. Unnið var að rannsóknum og hönnun vegna væntanlegra jarðganga frá Tófugjá að Kúhagagili.

Fskj. 2.3.2.1.

**Þjóðbrautir.**
**Greinargerð um framkvæmdir.**

25 **Þykkvabæjarvegur:**

02 Hrafntóftir — Þykkvibær:

Fjárveiting var 2,2 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári.

26 **Landvegur:**

01 Suðurlandsvegur — Hagabraut:

Fjárveiting var 7,5 m.kr. Tekið var 2,5 m.kr. bráðabirgðalán. Fullbyggður var 5,1 km langur vegur með klæðingu milli Suðurlandsvegar og Hagabrautar.

215 **Reynishverfisvegur:**

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greiddur var hluti láns frá fyrra ári.

252 **Landeyjavegur:**

01 Suðurlandsvegur — Hólmavegur:

Fjárveiting var engin. Tekið var 1,4 m.kr. bráðabirgðalán. Lagt var síðara klæðingarlag á 4,0 m breitt slitlag á 1,9 km löngum kafla frá Suðurlandsvegi að Voðmúlastöðum.

255 **Akureyjarvegur:**

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári. Tekið var nýtt bráðabirgðalán að upphæð kr. 2,3 m.kr. Lögð var 4,0 m breið klæðing á 3,4 km kafla frá Suðurlandsvegi að Strönd.

261 **Fljótshlíðarvegur:**

02 Hvolsvöllur — Hlíðarendi:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Greitt var 1,0 m.kr. bráðabirgðalán f.f. ári. Tekið var 3,5 m.kr. bráðabirgðalán. Byggður var 2,7 km langur kafli milli Kirkjulækjar og Deildar.

264 **Rangárvallavegur:**

03 Suðurlandsvegur — Þingskálavegur:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Fullbyggður var með 4,0 m breiðri klæðingu 1,8 km langur kafli frá Suðurlandsvegi.

275 **Ásvegur:**

03—04 Í Þykkvabæ:

Fjárveiting var 1,5 m.kr. Greiddur var hluti láns frá fyrra ári.

32 **Þjórsárdalsvegur:**

01 Skeiðavegur — Stóra-Núpsvegur:

Fjárveiting var 6,8 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári. Tekið var nýtt 4,0 m.kr. bráðabirgðalán. Byggður var 4,0 km langur kafli milli Bólstaðar og Árness.

33 **Gaulverjabæjarvegur:**

01 Suðurlandsvegur — Hamarsvegur:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

37 **Laugarvatnsvegur:**

03 Laugarvatn—Reykjavegur:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári.

425 **Nesvegur:**

02 Reykjanesviti — Grindavík:

Fjárveiting var 9,0 m.kr. Lokið var byggingu og lögð klæðing á 2,8 km langan kafla frá Grindavíkurvegi að gamla Nesvegi vestan Grindavíkur. Verktaki var Borgarverk hf.

50 **Borgarfjarðarbraut:**

01 Um Þverá hjá Geitabergi:

Fjárveiting var 3,6 m.kr. Gerður var nýr vegur frá vegamótum Svínadalsvegar um nýbyggða brú á Þverá, áleiðis að Þórisstöðum alls 1,4 km. Einnig var endurbyggð Kúhallaárbrú. Í ána var sett stálræsi 16,8 m langt, breidd 4,0 m og hæð 2,5 m. Í sambandi við ræsisgerðina var vegur hækkaður og færður ofar á 0,4 km kafla. Samtals var því gerður 1,8 km langur vegur á þessu svæði. Verkið var unnið af Vegagerðinni:

02 Um Hestháls:

Fjárveiting var 2,4 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

05 Lundar — Varmaland:

Fjárveiting var 3,1 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

56 **Kerlingarskarðsvegur:**

01 Vegamót — Dalur:

Fjárveiting var 4,6 m.kr. Endurbyggður var 2,0 km kafli frá Vegamótum að Dal og hann lagður klæðingu. Undirbygging var unnin af Vegagerðinni, en klæðingin lögð af Hagvirki hf., Hafnarfirði.

01 Rauðkúla — Snæfellsnesvegur:

Byggður var vegur og lagður klæðingu frá Rauðkúlu að Snæfellsnesvegi í Helgafellssveit, hinum nýja, lengd 1,7 km. Vegurinn var byggður í tengslum við verkið Snæfellsnesvegur í Helgafellssveit og kostaður af þeirri framkvæmd.

502 **Svínadalsvegur:**

01 Snjóastaðir:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Hækkaður var 1,6 km kafli frá Vesturlandsvegi við Galtarholt um Hlíð áleiðis að Hurðabaki, einnig var vegur rásaður og graskömpur fjarlægðar. Þrír styttri kaflar voru hækkaðir á veginum norðan Laxárbrúar, um Hól og 0,5 km í Eyrartúni. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

504 **Leirársveitarvegur:**

01 Snjóastaðir:

Fjárveiting var 0,9 m.kr. Hækkaður var vegur á 0,2 km um Leirárbæ, endurbyggt ræsi á Hrauntúnslæk með stálrörum 1,5 m að þvermáli, 9 m á lengd, ásamt hækkun á 0,1 km. Einnig var vegur hækkaður um Torfholt á 0,2 km á móts við bæinn Steinsholt á 0,3 km og frá Melkotsheimreið að Neðri-Skarðsá framan Hávarðsstaða var vegur hækkaður á 0,8 km kafla. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

505 **Melasveitarvegur:**

01 Snjóastaðir:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

518 **Hálsasveitarvegur:**

03 Um Húsafellsskóg:

Engin fjárveiting var til vegarins á þessu ári en unnið fyrir lánsfé, sem greiðist af fjárveitingu næsta árs. Vegur var undirbyggður fyrir bundið slitlag frá Kaldárbrú að Hvítárbrú við Kaldadalsvegamót alls 3,1 km. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

539 **Staðarhraunsvegur:**

01 Snjóastaðir:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Til Hraunhreppsvegar, snjóastaða, var einnig veitt 1,0 m.kr. Með samþykki oddvita Hraunhrepps voru þessar fjárhæðir sameinaðar til framkvæmda á Staðarhraunsvegi. Vegurinn var endurbyggður og lagfærður frá vegamótum Ólafsvíkurvegar að Melsenda á um 1,2 km kafla. Frá Melsá að Svarfhólsvegi var endurbyggður 0,8 km kafli eða samtals 2,0 km. Auk þess voru endurnýjuð ræsi á fjórum stöðum. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

540 **Hraunhreppsvegur:**

01 Snjóastaðir:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. og var hún flutt í Staðarhraunsveg með samþykki oddvita Hraunhrepps.

574 **Útnesvegur:**

04 Utan Gufuskála:

Fjárveiting var 1,1 m.kr., greidd var skuld frá fyrra ári.

581 **Hörðudalsvegur:**

01 Um Geirshlíð:

Fjárveiting var 1,2 m.kr. og inneign frá fyrra ári var 1,0 m.kr. Gerður var nýr vegur við bæinn Geirshlíð, vegalengd rúmir 0,4 km. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

589 **Sælingsdalsvegur:**

01 Vestfjarðavegur — Laugar:

Fjárveiting var engin en sýslusjóður Dalasýslu lánaði 0,5 m.kr. til verksins og útvegaði verktakalán. Samið var við Borgarverk hf. Borgarnesi að leggja efra burðarlag og klæðingu á kaflann sem er 2,4 km að lengd og endurbyggður var 1987. Ólokið er við lagningu efra klæðingarlags.

590 **Klofningsvegur:**

04 Um Hnúk:

Fjárveiting var 4,1 m.kr. Byggður var 1,6 km kafli um Hnúk, styrktur 1,3 km kafli við Ormsstaði og vegur styrktur milli Klofnings og Sveinsstaða. Verkið var unnið af Jörfa hf. Hvanneyri.

593 **Efribyggðarvegur:**

01 Hella — Flekkudalsá:

Fjárveiting var engin, en í samráði við þingmenn var ákveðið að bjóða út byggingu á 1,7 km kafla frá Túngarði að Flekkudalsá með verklokum á fyllingum og burðarlagi 15. des., en lokaskiladegi 1. júní 1988. Fjárveiting er til verksins 1988. Verkið er unnið af Taki hf. í Búðardal.

643 **Strandavegur:**

07—08 Kjörvogur — Norðurfjörður:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Lagðir voru þrír vegakaflar, við Kjörvog, Reykjanesá og Ávíkurá og settir hólkar í árnar. Samtals voru lagðir um 2,3 km af nýjum vegi og vann Vegagerðin verkið.

645 **Drangsnesvegur:**

01 Strandavegur — Drangsnes:

Fjárveiting var 10 m.kr. Unnið var á tveim köflum, 760 m kafla utan Hveravíkur og 1,0 km kafla á milli Hellu og Hveravíkur. Verkinu á að ljúka 1988 fyrir fjárveitingu þess árs. Verkið er unnið af verktakafyrirtækinu Jóni og Magnúsi sf.

704 **Miðfjarðarvegur:**

04 Laugarbakkaskóli — Norðurlandsvegur:

Fjárveiting var 0,4 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

711 **Vatnsnesvegur:**

07 Síðuvegur — Norðurlandsvegur:

Fjárveiting var 3,6 m.kr. og innstæða frá fyrra ári var 3,1 m.kr. Byggður var 8,3 km kafli frá Böðvarshólum að Norðurlandsvegi. Verktaki var Fossverk sf.

731 **Svínvetningabraut:**

02—03 Reykjabraut — Blöndubrú:

Fjárveiting var 3,5 m.kr. og Landsvirkjun lagði fram 25 m.kr. Endurbyggður var 13,5 km kafli frá Tindum að Blöndubrú ásamt 0,5 km tengingu Kjalvegar við nýja veginn. Jöfnun utan vegar er ólokið að hluta og slitlag vantar. Verktaki var Hvítserkur hf.

745 **Skagavegur:**

09 Þverárfjallsvegur — Sauðárkrókur:

Fjárveiting var 1,4 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1,4 m.kr. Styrktur var kaflinn frá Skefilsstöðum að Laxárdalsheiði, skuld til næsta árs er 1,1 m.kr. fjárveiting frá viðhaldi greiddi hluta kostnaðar. Verktaki var Fjörður sf.

752 **Skagafjarðarvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Héraðsdalsvegur:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

758 **Austurdalsvegur:**
01 Skagafjarðarvegur — Merkigilsvegur:
Fjárveiting var 0,5 m.kr. Lagfærður var sneiðingur við Byrgisskarð.

783 **Höfðastrandarvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Lokið var byggingu nýja vegarins frá Enni um nýja brú á Hofsá að Litlu Brekku, sem er 3,2 km. Verktaki var Framtak sf.

787 **Flókadalsvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 1,5 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1,5 m.kr.

792 **Flugvallarvegir í Siglufirði:**
02 Siglufjörður — flugvöllur:
Fjárveiting var 2,1 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1,1 m.kr. Ekið var burðarlagi á 0,8 km kafla af 1,1 km. Verktaki mun ljúka verkinu næsta ár. Verktaki er Framtak sf.

83 **Grenivíkurvegur:**
01—02 Norðurlandsvegur — Fnjóskadalsvegur eystri
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Lagt var fyrra lag klæðingar á 6,6 km langan kafla frá Norðurlandsvegi að Fagrabæ.

806 **Tunguvegur:**
01 Svarfaðardalsvegur — Skíðadalsvegur:
Fjárveiting var 4,5 m.kr. Lagður var 2,6 km langur kafli frá Svarfaðardalsvegi að Skíðadalsá. Verkið var unnið af Ýtunni sf.

814 **Staðarbakkavegur:**
01 Hörgárdalsvegur — Flaga:
Fjárveiting var 1,5 m.kr. Styrktur var 1,7 km langur kafli frá Staðartungu að Skuggabrú. Einnig lagfærðir þrír snjóastaðir frá Flögu að Þúfnavöllum.

844 **Bárðardalsvegur eystri:**
01 Kálfborgará — Arnarstaðir:
Fjárveiting var 6,7 m.kr. Lagður var 3,4 km langur vegur frá Kálfborgará og suður fyrir Arnarstaði.

848 **Mývatnsvegur:**
01 Vagnbrekka — Stekkjarnes:
Fjárveiting var 2,7 m.kr. Greidd var skuld vegna framkvæmda 1985 frá Skútustöðum að Garði.

849 **Baldursheimsvegur:**
01 Norðurlandsvegur — Litlaströnd:
Fjárveiting var 0,6 m.kr. Endurbyggður 1,1 km langur kafli frá Norðurlandsvegi að Gautlöndum. Einnig lagfærðir fjórir snjóastaðir frá Gautlöndum að Litluströnd.

852 **Sandsvegur:**
01 Norðausturvegur — Sandur:
Fjárveiting var 1,0 m.kr. Lagður var 1,5 km langur kafli frá Sílalæk að Bergi.

923 **Jökuldalsvegur:**
04 Brú — Vaðbrekka:
Fjárveiting var engin, en unnið var fyrir lán frá Jökuldalshrepp og tækjaeigendum að upphæð 2,0 m.kr. Lagður var nýr vegur á 1,7 km löngum kafla frá Jökulsá inn í Hrafnkelsdal. Verki er ólokið.

931 **Upphéraðsvegur:**

08 Atlavík — Hafursá:

Fjárveiting var engin, en til bundinna slitlaga var 5,0 m.kr fjárveiting og 2,23 m.kr. skuld frá fyrra ári, sbr. 2.3.1.2.—1. Lokið var endurbyggingu vegar á köflunum Atlavík — Hallormsstaður og Vínlækur — Hafursá, samtals 4,56 km. Verktaki var Vökvavélar hf., Egilsstöðum.

934 **Múlavegur:**

01 Uppéraðsvegur — Glúmsstaðir:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Styrktur var 0,6 km langur kafli um Langhús og 2,4 km langur kafli utan við Glúmsstaði.

943 **Hjaltastaðarvegur:**

01 Hjaltastaður — Dalir:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. og unnið var fyrir viðhaldsfé að hluta. Endurbyggður var 3,1 km langur kafli frá Hjaltalundi að og um Gerðisá. Verktaki var Gunnar og Kjartan sf., Egilsstöðum.

953 **Helgustaðavegur:**

Fjárveiting var 0,6 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

961 **Breiðdalsvegur:**

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Lagður var nýr vegur, ósamfellt frá Brekkuborg að Austurlandsvegi samtals 2,9 km. Verktaki var Guðmundur Björgólfsson, Breiðdalsvík.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

01 Seyðisfjarðarvegur — Mýnes:

Fjárveiting var 2,4 m.kr. og Eiðahreppur lánaði 4,0 m.kr. Greidd var 1,4 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lögð var klæðing á 5,0 km langan kafla frá Seyðisfjarðarvegi að Mýnesi.

05 Um Bóndastaðaháls:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greidd var 3,74 m.kr. skuld frá fyrra ári. Mismunurinn, 1,74 m.kr., var greiddur með viðhaldsfé.

Fskj. 2.4.—1.

**Brýr 10 m og lengri.**
**Greinargerð um framkvæmdir.**

Fossá (349):
Fjárveiting var 3,1 m.kr. Byggð var 12 m stálbitabrú með steyptu gólfi. Kemur hún í stað grindarbitabrúar sem orðin var allt of mjó.

Litlá (1):
Fjárveiting var 5,7 m.kr. Byggð var 14 m steypt plötubrú í nýrri veglínu. Gamla brúin á Litlá var mjó, hafði slæma aðkomu og var hættuleg.

Þverá hjá Geitabergi (50):
Fjárveiting var 8,0 m.kr. Byggð var 22 m steypt plötubrú. Þverá og Geitabergsá voru áður brúaðar hvor fyrir sig. Þær brýr eru nú orðnar mjög lélegar. Nýja brúin er í nýrri veglínu neðan við ármótin.

Fróðá (54):
Fjárveiting var 8,0 m.kr. Byggð var 26 m steypt plötubrú. Brúin er í nýrri veglínu sem liggur nær sjónum en gamli vegurinn.

Bjarnadalsá (60):
Fjárveiting var 3,3 m.kr. og fór til greiðslu skuldar. Brúin var byggð 1985.

Vatnsdalsá (60):
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Byggð var 28 m eftirspennt bitabrú í nýrri veglínu. Gamla brúin á Vatnsdalsá var frá 1930 og orðin mjög léleg.

Dynjandisá (60):
Fjárveiting var 4,0 m.kr. Stefnt er að byggingu 5 m breiðs og 24 m langs stokks undir fyllingu. Verkið er langt komið en ekki tókst að ljúka því áður en vetur lagðist að og er stefnt að því snemma á næsta ári.

Guðlaugsvíkurá (68):
Fjárveiting var 6,3 m.kr. Byggð var 20 m steypt plötubrú í nýrri veglínu sem liggur nær sjónum en gamli vegurinn.

Hofsá á Hofsósi (þjóðvegur í þéttbýli):
Fjárveiting var 7,6 m.kr. Byggður var 40 m langur og 7 m breiður steyptur stokkur undir hárri fyllingu. Brúin er hluti nýrrar götu sem tengir íbúðar- og hafnarsvæði Hofsóss og liggur ofar en gamla tengingin. Brúin á þeirri tengingu er frá 1925 og orðin mjög léleg.

Skurður hjá Krossi (sýsluvegur):
Fjárveiting var engin á þessu ári en 1988 er 2,4 m.kr. fjárveiting til vegáætlunar. Byggð var 8 m brú og útvegaði Austur-Landeyjahreppur lánsfé til verksins sem áætlað er að endurgreiða með fjárveitingunni.

Laxá hjá Núpafossi (sýsluvegur S–Þing.):

Fjárveiting var engin í vegáætlun en vegna slæms ástands brúarinnar þótti nauðsynlegt að endurbyggja hana. Byggð var 29 m stálbitabrú með timburgólfi ásteyptum stöplum, en stöplar gömlu brúarinnar nýtast að hluta undir nýju brúna. Aðaldælahreppur útvegaði lánsfé til framkvæmdanna og er gert ráð fyrir að það verði endurgreitt með fjárveitingu síðar.

Fskj. 2.5.1.—1.

**Aðalfjallvegir.**
**Greinargerð um framkvæmdir.**

F22 Fjallabaksleið nyrðri:

Fjárveiting var 350 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F28 Sprengisandsleið:

Fjárveiting var 950 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F35 Kaldadalsleið:

Fjárveiting var 250 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F37 Kjalvegur:

Fjárveiting var 1 600 þús. kr. Auk venjulegs viðhalds var byggður nýr kafli sunnan Grjótár, en megináhersla var lögð á framkvæmdir á syðri hluta leiðarinnar eins og sl. ár.

F78 Skagafjarðarleið:

Fjárveiting var 450 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F82 Eyjafjarðarleið:

Fjárveiting var 500 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F92 Gæsavatnaleið:

Fjárveiting var 900 þús. kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.